

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Garðabær, 2.12.2024
Málsnúmer: 202411-0001
MH

Efni: Ný brú á Skjálfandafljót við Fosshól, matskyldufyrirspurn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 1. nóvember 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um hvort framkvæmd Vegagerðarinnar sem felst í byggingu nýrrar tvíbreiðrar brúar á Hringvegi yfir Skjálfandafljót við Fosshól í Þingeyjarsveit eigi að fara í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 11172021.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn um framkvæmdina og telur að ekki sé ástæða til að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum. Vegur þar þyngst að framkvæmdin kallar ekki á nýtt vegstæði, heldur fylgir nýr vegur núverandi vegi að mestu leyti. Framkvæmdinni fylgir nokkuð rask en það verður að öllu leyti í næsta nágreanni núverandi vegstæðis. Það á einnig við um ný efnistökusvæði en allt efni í veginn verður tekið úr námum og skeringum í núverandi og nýju vegstæði.

Eins og fram kemur í greinargerðinni fer framkvæmdin um Bárðardalshraun sem nýtur sérstakrar verndar samkv. 61. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd. Hrauninu hefur áður verið raskað á þessu svæði vegna fyrri veglagningar og en fyrirhuguð framkvæmd raska um 0,7 ha til viðbótar á þeim stöðum þar sem nýr vegur víkur út af núverandi vegi. Hvað varðar gróður mun vegurinn raska um 0,1 ha gróðursvæði sem ekki hefur verið raskað áður. Þá munu framkvæmdir valda röskun innan friðlýsta svæðisins við Goðafoss vegna nýrrar tengingar Hringvegarins við bílastæði við fossinn að vestanverðu. Náttúrufræðistofnun metur það svo að áhrifin verði óveruleg.

Náttúrufræðistofnun bendir á að mikilvægt er að frágangur á efnistökusvæðum verði þannig að ummerki um efnistöku verði lítil og tryggja þarf endurheimt gróðurþekju þar sem hún hefur verið fjarlægð. Þá ber að forðast allt óþarfa rask á framkvæmdasvæðinu, einkum þar sem þar eru jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
líffræðingur